

REGLUGERÐ

um hámarkstölu vörubifreiða í Húsavík.

85

3. ágúst

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Bílstjórafélags Húsavíkur og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Húsavík, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu samkvæmt 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. tólf mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökuumsóknir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir.

Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Bifreiðastöð Húsavíkur 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er getur í 2. gr. og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Bifreiðastöð Húsavíkur.

Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.